


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>LÍFF2LK05</b> <b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

<b>Kennari</b>	Börkur Már Hersteinsson	<b>Sk.st.</b>	BÖR
----------------	-------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:


Inntaki lífeðlisfræðinnar og helstu þáttum í líkamsstarfsemi lífvera og þá aðallega manneskjunnar gerð skil. Helstu efnisþættir eru: innri starfsemi frumna, samvægi, orkumyndun, hitastjórnun, boðflutningur; hormón og taugaboð, blóð og blóðrásarkerfið, hjartað og starfsemi þess, varnarkerfi líkamans, þveitikerfið, næringarnám og melting, skynjun, æxlun, tíðarhringur og getnaðarvarnir. Farið verður í helstu frávik og sjúkdóma sem tengjast hverju atriði. Lögð er áhersla á að nemandi öðlist þekkingu og skilning á starfsemi líkama lífvera og aukinn skilning á eigin líkamsstarfsemi með það að markmiði að auðvelda honum að taka ábyrgð á eigin lífsháttum m.t.t. þess að viðhalda eigin heilbrigði

### Markmið:

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Samvægi • stjórnun líkamshita og orkumyndun líkamans
- frumlífeðlisfræðimismundandi hlutverkum boðefna, eðli taugaboða, starfsemi og skiptingu taugakerfis
- blóðrás, uppbyggingu og hlutverkum blóðs og starfsemi hjartans
- öndunarkerfi, þveitikerfi, meltingu, nýtingu fæðunnar í líkamanum og losun líkamans við úrgangsefni
- skynjun, aðallega sjón og heyrn
- æxlunarfærum, getnaði og getnaðarvörnum

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 2 af 4	<b>LÍFF2LK05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota lífeðlisfræðilegar upplýsingar í máli og myndum
- skoða vefi og líffæri
- skoða samspil mismunandi líffærakerfa við stjórn líkamstarfseminnar
- skilja lífeðlisfræðileg viðfangsefni
- meta áhrif lífshátta á heilbrigða þroskun og starfsemi líkamans


### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja gróft mat á lífeðlisfræðilegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- nýta undirstöðuþekkingu í lífeðlisfræði og tengja við daglegt líf
- taka ábyrgð á eigin lífi m.t.t. lífeðlisfræðilegra þátta
- afla sér frekari þekkingar á sviði lífeðlisfræðinnar
- meta áhrif lífshátta á heilbrigða starfsemi líkamans
- tengja undirstöðuþekkingu í lífeðlisfræði við daglegt líf og sjá notagildi hennar
- tjá sig um lífeðlisfræðileg málefni daglegs lífs á skýran og ábyrgan hátt


### Námsgögn:

Lífeðlisfræði, kennslubók handa framhaldsskólum eftir Örnólf Thorlacius. IÐNÚ 2002. þriðja útgáfa eða nýrri

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	<b>LÍFF2LK05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Heimaverkefni	Átta heimadæmi sem verður að finna inn á Moodle, hvert heimverkefni gildir 5% og því 40% alls. Öll verkefni gilda.		40%
Líkamsmælingar	Verkefni unnið úr verklegum líkamsmælingartíma		4%
Krufning	Hópaverkefni unnið úr krufningu á innnyflum svína Einkunn er blanda af einkunn kennara, sjálfs- og jafningjamati.		10%
Próf	Lokaprófinu er skipt í tvennt: -Fyrri prófið er úr fyrri hluta efnisins og verður haldið á miðri önn -Seinna prófið er úr seinni hluta efnisins verður haldið í lok annar.		46% (2x23%)
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
	<b>ATH: Nemandi verður að ná a.m.k. 4.5 á úr þrófunum svo vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar.</b>		


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	<b>LÍFF2LK05</b>	
	<b>Námsáætlun haustönn 2019</b>	

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34-35	<b>Inngangur og 1. kafli.</b> Frumulífeðlisfræði, losun og virkjun orku. 7. kafli: Efnaskipti og líkamshiti.	<b>HV 1 (5%)</b>
35-36	<b>2. kafli:</b> Boðflutningur (hormón).	<b>HV 2 (5%)</b>
37	<b>10. kafli:</b> Æxlun.	<b>HV 3 (5%)</b>
38-39	<b>2. kafli:</b> Boðflutningur (taugar og taugaboð) og 3. kafli: Taugakerfið.	
40	<b>8. kafli:</b> Skynjun. Augu og eyru.	<b>HV 4 (5%) Fyrri próf (23%)</b>
41-42	<b>6. kafli:</b> Næringarnám.	<b>HV 5 (5%) Líkams- mælingar</b>
43-44	<b>4. kafli:</b> Blóð, vessi, hjarta, æðar og sogæðar	<b>HV 6 (5%)</b>
45	Ónæmiskerfið	<b>HV 7 (5%)</b>
47	<b>5. kafli:</b> Öndun	
48	<b>5. kafli.</b> Nýru og lifur.	<b>HV 8 (5%) Krufning</b>
49	Upprifjun og tími til að klára efni ef áfanginn gekk hægar en fyrirætlanir gerðu ráð fyrir.	<b>Seinna próf (23%)</b>

Dagsetning: 16. Ágúst 2019.

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils